

Ársfundur félagsliða 2009

Skýrsla fyrir starfsárið

Faghópur félagsliða er nú að hefja sitt fimmta starfsár og hefur þekking fólks á störfum félagsliða aukist talsvert á þessum tíma.

Upphaflega voru félagsliðar nær eingöngu starfandi hjá heimaþjónustu Reykjavíkurborgar en félagsliðum fjölga stöðugt á hjúkrunarheimilum og dagvistum fyrir aldraða. Einnig er ákveðinn hópur sem starfar með fötluðum.

Félagsliðar innan Eflingar stéttarfélags eru nú tæplega tvö hundruð manns og 89 eru í félagsliðanámi. Flestir félagsliðar Eflingar hafa útskrifast frá Mími símenntun en einnig hefur ákveðinn hópur útskrifast úr Borgarholsskóla. Þá verður áfram boðið upp á framhaldsnám svo sem Alzheimernáam en einnig er verið að skoða möguleika með framhaldsnám sem tengist fötlun.

Félagsliðabréf fyrir erlenda starfsmenn hefur fengið mjög góðar viðtökur og er nú annar hópurinn að útskrifast í vor. Námið er ætlað starfsmönnum við aðhlyningu og umönnun sem ekki hafa íslensku sem fyrsta mál. Þeir þurftu að hafa lokið gagnnámskeiðum I og II eða hafa tekið samtals um 230 tíma á starfstengdum námskeiðum og hafa 3ja ára starfsreynslu eða meira.

Fundir á liðnu starfsári.

Síðasti ársfundur félagsliða var haldinn 22. apríl 2008.

Þar fjallaði Harpa Ólafsdóttir, forstöðumaður kjaramálasviðs Eflingar um mismunandi launauppbyggingu eftir því hvort félagsliðar störfuðu hjá Reykjavíkurborg, hjúkrunarheimilum eða á enn öðrum sviðum. Harpa velti því upp hvort að það vantaði ekki fleiri starfsheiti í umhverfi félagsliða, ekki síst í kjölfar þeirra breytinga sem yrði með aukinni samþættingu ríkis og sveitarfélaga.

Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistuheimilanna mætti í forföllum Ölmu Birgisdóttur hjúkrunarforstjóra Hrafnistu og kynnti þá fjölbreyttu starfsemi sem á sér stað á Hrafnistu. Pétur fór einnig yfir þær miklu breytingar og endurbætur sem átt hafa sér stað í húsnæðismálum sem endurspeglu nútíma kröfur um aukið rými og betri aðstöðu fyrir heimilismenn og starfsfólk.

Þá kom Sigrún Karlsdóttir, félagsráðgjafi en hún var einn af frumkvöðlum að félagsliðanáminu. Það var sérstaklega ánægjulegt að fá hana þar sem hún

rifjaði upp þróun heimaþjónustu frá byrjun til dagsins í dag og fléttaði inn skemmtisögum og ljóðum.

Það var fjölmennur og áhugasamur hópur sem mætti á fræðslufund faghóps félagsliða sem haldinn var 11. nóvember á síðasta ári. Lára Björnsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu fór yfir nýtt skipulag og stefnu í öldrunarmálum. Í erindi Láru kom fram að alltof lengi hefði umræðan um málefni aldraða snúist um stofnanþjónustu. Því hefði félags- og tryggingamálaráðherra skipað ráðgjafahóp til að gera tillögur um helstu áherslur í málefnum aldraðra til næstu ára. Niðurstaða úr þeim hópi var að bjóða ætti upp á einstaklingsmiðaða þjónustu heim og leggja ætti aukna áherslu á sjálfstæði og sjálfsforræði aldraðra. Þá benti Lára á að viss vandkvæði fylgdu því að heilbrigðisþjónusta við aldraða hafi orðið eftir hjá heilbrigðisráðuneytinu þegar málefni aldraðra og fatlaða fluttust yfir á félagsmálaráðuneytið. Það kom ekki síst í ljós þegar félagsliðar óskuðu eftir löggildingu á starfinu því þá var ekki klippt og skorið hvort að þau störf heyrðu undir félagsmálaráðuneytið eins og almenn umönnunarstörf eða hvort að leita ætti til heilbrigðisráðuneytisins. Töluverðar umræður spunnust í lok erindis Láru um hvort að sækja ætti fastar að fá löggildingu á starfi félagsliða eða hvort að með aukinni Evrópuvæðingu ætti það ekki við. Í því sambandi benti Lára á að á Norðurlöndum færu störf ekki í löggildingu. Fundargestir voru þó sammála um að festa þyrfti störf félagsliða enn frekar í sessi og þar væru skýrar starfslýsingar mikilvægar.

Þá var áhugavert að hlusta á Fanneyju Friðriksdóttur og Lilju Eiríksdóttur félagsliða í stjórn faghópsins segja frá þeirra sýn á störfum heimaþjónustunnar. Mikilvægt er að gefa sér góðan tíma með einstaklingunum sem margir hverjir búa við mikla félagslega einangrun. Voru þær Fanney og Lilja ekki í neinum vafa um að þar hefði félagsliðanámið komið að góðum notum þar sem að mikil áhersla var lögð á félags-, sið- og sálfræði. Þá lýstu þær ánægju sinni með að búið væri að samþætta heimahjúkrun og heimaþjónustu en þar myndu félagsliðar koma sterkir inn.

Einnig fór Harpa Ólafsdóttir forstöðumaður kjaramálasviðs Eflingar yfir stöðu kjaramála hjá félagsliðum.

Framtíðin.

Framtíðarsýn faghóps félagsliða er að halda áfram þeirri vinnu sem búin er að vera í gangi þar sem m.a. er þrýst á að fá starfslýsingar félagsliða sem er nauðsynlegt til að lyfta starfinu upp á hærra plan og koma þannig meira á móts við félagslegar þarfir aldraðra og fatlaðra.

Félags- og tryggingamálaráðherra hefur greint frá því að hún hefði miklar væntingar til félagsliðahópsins varðandi umönnun aldraðra....

Með nýrri samþættingu fagaðila hjúkrunarfólks og félagsliða í heimaþjónustu Reykjavíkur, undir stjórn Berglindar Magnúsdóttur gefst félagsliðum kjörið tækifæri að vinna með fagaðilum enn frekar. Þannig bætum við þekkingu beggja aðila og stuðlum að því að allir vinni sem einn maður í þeirri góðu vinnu sem framundan er.

Einnig teljum við miklar líkur á því að starfsmenn sem höfðu leitað í betur launaða vinnu í góðærinu skili sér nú til baka í umönnunarstörf og verður því aukin aðsókn um hvert starf sem losnar. Þar munu félagsliðar hafa ákveðið forskot umfram þá sem minni menntun hafa.

Félagsliðar, verum virkir, látum á okkur bera, auglýsum okkur, verum stolt af starfinu, sýnum félagslegan þroska að takast á við krefjandi verkefni, þannig þokum við okkur áfram í gegnum kerfið.

Félagsliðar við erum komin til að vera!!.....